

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 114 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 10. október 2022 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir og Hörður Orri Grettiðsson framkvæmdastjóri. Helga Kristín Kolbeins og Rannveig Ísfjörð boðuðu forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

### 1. Afsláttarkjör.

Stjórn Herjólfss ehf. hefur undanfarið ár haft til skoðunar afsláttarkjör þau sem fyrirtækjum hefur staðið til boða af verðskrá vegna þjónustu ferjunnar Herjólfss.

Herjólfur ehf. er markaðsráðandi fyrirtæki í þeim rekstri sem fyrirtækið er í enda eina ferjan sem siglir á milli Íslands og Vestmannaeyja í áætlunarsiglingum með farþega og farm.

Markaðsráðandi fyrirtækjum eru ýmsar skorður settar með útfærslu og veitingu á afsláttum en skv. dómfordæmum má m.a. færa rök fyrir því að afslættir í formi tiltekinna markmiða, þ.e. markmiðsafslættir geta falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu í andstöðu við 11. gr. Samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins en í þessu sambandi er m.a. vikið að afsláttum tengdum ársveltu fyrirtækja sem gætu fallið undir misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Því má ráða að Herjólfss ehf. sem markaðsráðandi fyrirtæki eru veruleg takmörk sett varðandi veitingu afslátta án þess að slíkir afslættir séu almennir og án mikilla takmarkana.

Stjórn Herjólfss ehf. telur að almennir afslættir þjóni ekki markmiðum félagsins og þeirri staðreynd að félagið er að hluta til rekið af opinberum fjármunum. Því tekur stjórn Herjólfss ehf. þá ákvörðun að frá og með áramótum 2022/2023 skuli allir afslættir af verðskrá falla niður hvort sem eru afslættir vegna farþega- eða farmflutninga.

Tekið er fram að skilmálar skv. samningi Vegagerðar og Herjólfss ehf. eru óbreyttir hvað varðar afsláttarkjör til íbúa Vestmannaeyja.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 18. október 2022.

Ekki annað rætt, fundi slitið kl. 12:50.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.